

Birtist á Eyjan.is, 19. febrúar 2014.

Pólitískar ráðningar

Jón Steinsson

Talverð umræða hefur spunnist um pólitískar ráðningar síðustu daga eftir að það spurðist út að ríkisstjórnin ætlaði sér að gera breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands. Ein rök sem margir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar virðast vera að bera fyrir sig þessa dagana eru eftirfarandi: Ráðning Más Guðmundssonar var pólitísk ráðning. Svo það er tvískinnungur af stjórnarandstöðunni að rísa upp til handa og fóta þegar núverandi ríkisstjórn ætlar að gera það sama og sú síðasta gerði.

Nú verð ég að segja hreint út að það er algjörlega fáránlegt að tala um ráðningu Más Guðmundssonar sem pólitíska ráðningu í venjulegum skilningi þess hugtaks. Ástæðan er einfaldlega sú að Már var og er lang hæfastur allra Íslendinga til þess að gegna stöðu Seðlabankastjóra. Ráðning Más var fagleg ráðning.

Ég skal ekki segja hvort síðasta ríkisstjórn hefði ráðið besta manninn í starfið ef sá hefði verið af hægri væng stjórnmalanna. Ef til vill var það heppni hjá þeirri ríkisstjórn að hæfasti maðurinn átti sér fortíð á vinstri væng íslenskra stjórnála. En það breytir því ekki að Már var lang hæfastur og var því ráðinn á faglegum forsendum (ólíkt mörgum af forverum hans).

Við Íslendingar erum fámenn þjóð. Af þeim sökum er ekki til staðar herskari Íslendinga sem eru vel að því komnir að gegna stöðu Seðlabankastjóra. Það að núverandi ríkisstjórn vilji koma sínum mönnum að í Seðlabankanum hefur því óhjákvæmilega meiri áhrif á gæði þeirra sem veljast til starfsins en þegar slíkt gerist í mun stærri löndum. Í hruninu kom vel í ljós hversu mikill skaði getur hlotist af því að raða flokkshestum í æðstu embætti ríkisins. Vonandi höfum við lært eitthvað af þeirri reynslu. Vonandi sér ríkisstjórnin að sér í þessu máli.